

**ITR**

Ómar Einarsson

**Varðar:** Mótun stefnu í íþróttamálum í Reykjavík til 2030Helstu verkefni, tímaáætlun og tímagjald **án vsk**

Verkefni	Tímar	Tímagjald	Samtals
Fara yfir núverandi stefnu og meta árangur	12	11,900	142,800
Fundir með ITR og IBR	12	11,900	142,800
Skipulag og framkvæmd á vinnufundi allra félaga	50	11,900	595,000
Smærri hagsmunaaðilafundir	30	11,900	357,000
Fundir stýrihóps 7-10 talsins	30	11,900	357,000
Skýrslugerð	60	11,900	714,000
Samtals	<b>194</b>		<b>2,308,600</b>

Það er mat mitt að hlutverk ráðgjafa sé ekki eingöngu verkefnastjórnun og utanumhald hugmynda frá hagsmunaaðilum heldur líka að koma með innlegg um viðfangsefni sem hagsmunaaðilar þurfa að vinna með.

Í erindsbréfi til stýrihópsins eru markmið og verkefni tíunduð og þar ber einna hæst mikilvægustu áhrifavaldar til þátttöku í íþróttastarfi. Að mínu mati er það einkum þrennt sem kemur upp í hugann:

1. Aðstaða og aðgengi
2. Fjármagn til starfseminnar
3. Virkni sjálfboðaliða

Reykjavíkurborg er í lykilhlutverki í að skaffa aðstöðu og gæti haft meiri áhrif á aðgengi með bættum almenningssamgöngum. Það er vafalítið hægt að nýta þá aðstöðu sem þegar er fyrir hendi með t.d auknu samstarfi við grunnskóla. Kannski er ekki bráðnauðsynlegt að hefja alla íþróttaiðkun eftir að skóla líkur. Í flestum íþróttagreinum er fjöldinn mestur í yngsta aldurshópnum.

Aðstaða til utanhúss knattspyrnuíðkunar tekur mikið landrymi. Grasvellir eru viðkvæmir og þola ekki mikla notkun ólíkt gervigrasi sem sífellt verður betra og er viðurkennt á keppnisvelli. Með uppbyggingu gervigrasvalla er auðveldara að sinna fjölmennari iðkenndum.

Sameining félaga er almennt viðkvæmt mál en það má mögulega huga að sameiningu deilda, huga meira að sérhæfingu með tilliti til aðstöðu, iðkendafjölda ofl.

Það er líklega sama hvað fjármagn félög hafa til umráða, það er aldrei nóg. Mikilvægt er að félögin komi sér saman um stefnu í hvaða farveg atvinnumennska í íþróttum á Íslandi eigi að fara. Kostnaður við rekstur meistaraflokka í boltaíþróttum er löngu komin úr böndunum og ekki í neinu samhengi við mögulegar tekjur sem sú starfsemi skilar. Í sumum greinum er ódýrara að fá öflugan leikmann erlendis frá en að fá sambærilegan íslenskan leikmann. Þetta þýðir auðvitað að það er minna pláss fyrir uppaldan leikmenn viðkomandi félags að vinna sér sæti í liðinu. Sem dæmi eru fjölmörg körfuboltalið með 3 erlenda leikmenn og byrjunarliðið er skipað 5 einstaklingum.

Virkni sjálfbóðaliða er áhyggjuefni í mörgum félögum. Á sama tíma og kröfur, á öllum sviðum, aukast þá dregur úr áhuga foreldra að taka virkan þátt og gefa félagi barna sinna sinn dýrmæta frítíma. Það þarf að byggja upp fræðslu í íþróttafélögum, kenna foreldrum og forráðamönnum að starfa í íþróttafélagi. Kenna grunnatriði í framkomu og kynningum, hópavinnu, skipulagi viðburða o.fl. Sjálfbóðaliðar ættu líka að fá umbun, ekki í formi launa enda yrði starfið þá ekki lengur sjálfbóðaliðastarf. Umbun gæti falist í hærri frístundastyrk eða gjafabréf/inneign á t.d þjónustu hjá sveitafélaginu. Eitthvað sem tengist ástundun fjölskyldunnar í íþróttum og tómsundum innan borgarinnar.

Að lokum nefni ég að íþróttafélög ættu einnig að sinna þeim hópi sem flokkast sem "brottfall". Í honum eru börn og unglingar sem hafa áhuga á íþróttum, hafa stundað íþróttir og eiga þar vini. Þeir hafa með aldrinum þó dvínandi áhuga á þátttöku í íþróttinni og ná ekki tilskildum árangri. Fyrir þessu hópi þarf að kynna mikilvægi þess að sinna öðrum hlutverkum og tækifærum sem tengjast íþróttum. Það er t.d. þjálfun, dómgæsla, kynningarstarf, framkvæmd leikja/móta, að kynna, stjórna tónlist, afgreiða og fl. Með því að þjálfna þennan hluta markvisst er verið að efla sjálfsmynd unglinga, þekkingu, kunnáttu og frumkvæði til að stýra og taka þátt í verkefnum. Sú þjálfun nýtist öllum hagsmunaaðilum til framtíðar.

Ég nefni þessi atriði til umhugsunar og hugleiðingar er hugað er að stefnu í íþróttum og tómsundum til næstu ára.

Hvort einhver nær að hafa síðar atvinnu af sinni íþróttagrein er síðan önnur saga. Atvinnumennska í okkar boltaíþróttum er langt frá því að standa undir sér og þarf að hugsa upp á nýtt áður en félög fara í greiðsluþrot.

Heilbrigð sál í hraustum líkama var mikið til umfjöllunar í núverandi stefnu. Í grunninn er það tilgangur íþróttar. Að byggja upp heilsuhrausta einstaklinga með afburða félagsfærni. Hvaða íþróttagrein viðkomandi velur skiptir minna máli ef þetta markmið næst.

*Gunnar Jónatansson*

Gunnar Jónatansson  
gsm: 664-6550  
gunnar@ibt.is